

Þriðjudaginn 19. desember 1989.

Nr. 32/1989. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Jens Karli Magnúsi Jóhannessyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Nauðgun. Líkamsárás. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 19. janúar 1989 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingar. Þá er krafist hækkunar miskabóta í 300.000,00 krónur.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Ákærvaldið og ákærði una héraðsdómi um I. lið ákæru frá 19. febrúar 1986. Til endurskoðunar hér fyrir dómi er II. liður ákæru frá 19. febrúar 1986, ákæra frá 7. apríl 1986 og ákæra frá 9. ágúst 1988.

Sannað er með vitnaskýrslum og viðurkenningu ákærða, að hann hafi framið verknaði þá, er greinir í II. lið ákæru frá 19. febrúar 1986 og ákæru 7. apríl s.á. Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði hafi gerst sekur um brot á þeim refsíákvæðum, sem greinir í ákærum þessum.

Það athugast, að í ákæru frá 7. apríl 1986 er brot ákærða talið varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, og verður við það að sitja. Brot það, sem hér er sakfelld fyrir, er þess eðlis, að 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga ætti við um það.

Þrátt fyrir skýringar ákærða er sannað með framburði hans sjálfs og vitnisins A, að hann hafi gerst sekur um verknað þann, sem honum er gefinn að sök í ákæru frá 9. ágúst 1988. Þessi niðurstaða hefur og stoð í framburði vitnisins B og áverkavottorðum og framburði læknisins Ingólfs Kristjánssonar, sem skoðaði vitnið A sama sólarhring og atburðurinn gerðist. Verknaðurinn er réttilega heimfærður til refsíákvæða í héraðsdómi, og ber því að fallast á niðurstöðu héraðsdómara um sakfellingu ákærða.

Fallast verður á þau sjónarmið, sem héraðsdómari rekur til stuðnings refsíákvörðun, en þegar þau eru virt, ber að þyngja refsingu ákærða, og þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi tvö ár. Gæsluvarðhaldstími skal koma refsivist ákærða til frádráttar, eins og í dómsorði greinir.

Sama bótakrafa er uppi höfð fyrir Hæstarétti sem í héraði. Taka ber kröfuna til greina með þeim vöxtum, sem í dómsorði greinir.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð og málsvarnarlaun verjanda síns, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Það athugast, að héraðsdómari hefur sett ákvæði um aðfararfrest í héraðsdóm, en það er andstætt 5. mgr. 166. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jens Karl Magnús Jóhannesson, sæti fangelsi tvö ár. Til frádráttar dæmdri refsingu komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 30. mars 1985 til 5. apríl sama árs og 15. janúar 1988 til 21. sama mánaðar.

Ákærði greiði A 300.000,00 krónur með almennum spari-sjóðsvöxtum frá 8. janúar 1988 til greiðsludags samkvæmt 8. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 80.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 80.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 20. desember 1988.

I. Dómkröfur o.fl.

Mál þetta, sem að undangengnum munnlegum málflutningi var tekið til dóms 5. þ.m., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með þremur ákæruskjölum, eins og hér nánar greinir:

A.

Ákæra, út gefin 19. febrúar 1986.

Með ákæru, út gefinni ofangreindan dag, er málið höfðað gegn Jens Karli Magnúsi Jóhannessyni verkamanni, Strembugötu 20, Vestmannaeyjum, og X fyrir eftirgreindar líkamsárásir:

I.

„Ákærðu er báðum gefið að sök að hafa aðfaranótt 29. september 1984 við Vestmannabraut 28, Vestmannaeyjum, ráðist á Jón Björgvin Sigurðsson, fæddan 28. október 1963, og slegið hann nokkur hnefahögg í höfuðið, og er Jón Björgvin reyndi að komast undan, hlaupið hann uppi og ráðist á hann á mótum Vestmannabrautar og Skólavegar og slegið hann nokkur hnefahögg í höfuðið og sparkað í hann, eftir að hann féll í götuna.

Afleiðingar árásarinnar urðu þær, að Jón Björgvin hlaut heilahristing, skarst og marðist á vörum og fékk eymsli í andlit og axlir og lá á sjúkrahúsi frá 29. september til 1. október 1984.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.“

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu ákæruvalds fallið frá kröfum um greiðslu skaðabóta vegna ákæru þessarar, enda upplýst í málinu, að ákærði Jens Karl hefði að fullu greitt fram komna skaðabótakröfu.

II.

„Ákærða Jens Karli Magnúsi er enn fremur gefið að sök að hafa föstudagskvöldið 29. mars 1985 á veitingastaðnum Gestgjafanum, Heiðarvegi 3, Vestmannaeyjum, ráðist á Friðrik Stefánsson, fæddan 30. júlí 1962, og veitt honum nokkur högg í andlit með höfði sínu og hnefum með þeim afleiðingum, að Friðrik nefbrotnaði, hlaut 0,7 cm skurð á nefi, sem sauma þurfti saman með 2 sporum, 0,5 cm skurð á neðri vör og marðist neðan við hægri auga og á neðri kjálka hægra megin.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. hegningarlaganna, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar.“

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu ákæruvalds fallið frá kröfum um greiðslu skaðabóta, enda upplýst í málinu, að ákærði Jens Karl hefði að fullu greitt fram komna skaðabótakröfu.

B.

Ákæra, út gefin 7. apríl 1986.

Með ákæru ofangreindan dag er málið enn fremur höfðað gegn ákærða

Jens Karli Magnúsi Jóhannessyni verkamanni, Stremlugötu 20, Vestmannaeyjum, fyrir „líkamsárás með því að hafa aðfaranótt 2. febrúar 1985 við verslunina Eyjataxa, Strandvegi 75, Vestmannaeyjum, ráðist á Björn Sverrisson, fæddan 1. febrúar 1961, og slegið hann hnefahögg í andlit með þeim afleiðingum, að tvær framtennur brotnuðu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta, verði þeirra krafist.“

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu ákærvalds fallið frá kröfu um greiðslu skaðabóta vegna þessa ákæruliðar, enda upplýst í málinu, að ákærði Jens Karl hefði greitt skaðabætur að fullu.

C.

Ákæra, út gefin 9. ágúst 1988.

Loks er málið enn fremur höfðað með ákæru ofangreindan dag gegn ákærða Jens Karli Magnúsi Jóhannessyni verkamanni, Ásavegi 30, Vestmannaeyjum, „fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt föstudags 8. janúar 1988 á heimili sínu þröngvað stúlkunni A, fæddri 1958, til holdlegs samræðis með líkamlegu ofbeldi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta, verði þeirra krafist.“

Við munnlegan flutning málsins var áréttað, að haldið væri fast við kröfu um greiðslu skaðabóta vegna þessarar ákæru, enda væri nú fram kominn skaðabótakrafa frá brotþola, sem með öllu væri ógreidd af hálfu ákærða Jens Karls.

Málin hafa verið sameinuð og sæta sókn og vörn samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 1. tl. 130. gr. laga nr. 74/1974.

Af hálfu ákærða X er krafist sýknu af öllum kröfum ákærvalds í málinu og að málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða verði greidd úr ríkissjóði.

Af hálfu ákærða Jens Karls Magnúsar Jóhannessonar er þess krafist, að ákærði Jens Karl verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum ákærvalds í málinu og hæfileg réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða verði greidd úr ríkissjóði. Verði ákærða hins vegar dæmd frelsis- svipting, verði hún skilorðsbundin og frá dregnir gæsluvarðhaldsdagar 30. mars 1985 til 6. apríl 1985 (sic) og 13. janúar (sic) 1985 til 6. apríl 1988 (sic).

II. Málsatvik.

A.

Ákæra, út gefin 19. febrúar 1986.

I. liður.

Í málinu liggur fyrir afdráttarlaus játning ákærðu á ákæruatriðum, og þykir mega í samræmi við það lýsa málsatvikum eins og hér greinir:

Laust eftir miðnætti aðfaranótt 29. september 1984 var ákærði X staddur fyrir utan Samkomuhús Vestmannaeyja og sá þá stúlku og pilt, Jón Björgvin Sigurðsson og Elínu Baldursdóttur, koma frá samliggjandi veitingastað, Hallarlundi við Vestmannabraut hér í bæ. Ákærði X, sem ekkert þekkti þetta unga fólk, veitti án nokkurs tilefnis því nú eftirför, þar sem það gekk vestur Vestmannabraut. Hreytti hann ókvæðisorðum í árárþola, vitnið Jón Björgvin Sigurðsson, sem tók það óstinnt upp og svaraði í sömu mynt. Réðst ákærði X nú á vitnið Jón Björgvin og sló hann með krepptum hnefa í höfuð. Bróðir ákærða X, ákærði Jens Karl Magnús, sem hafði fylgt bróður sínum, togaði nú í ákærða X, þar sem honum fannst, að eigin sögn, ákærði X ekki standa sig nógu vel í áflogunum, en við það losnaði um árárþola, Jón Björgvin Sigurðsson, og tók hann þegar í stað til fótanna. Ákærði Jens hljóp þá á eftir honum, enda kvaðst hann hafa ætlað að hefna bróður síns.

Ákærði Jens náði að hlaupa Jón Björgvin uppi, og við gatnamót Vestmannabrautar og Skólavegar réðst ákærði á Jón Björgvin og sló hann þrjú til fjögur högg í höfuðið með krepptum hnefa. Við það féll Jón Björgvin í götuna, og sparkaði þá ákærði Jens nokkrum sinnum í Jón Björgvin, þar sem hann lá í götunni, en ákærði X stóð við hlið bróður síns, á meðan á því stóð. Bræðurnir skildu nú við Jón Björgvin liggjandi í götunni, en vegfarandi, er átti leið þar um, hjálpaði sambýliskonu Jóns Björgvins, vitninu Elínu Baldursdóttur, að reisa hann á fætur. Fóru þau síðan tvö á lög-reglustöðina og lögðu þar fram kæru á hendur ákærðu, sem voru handteknir samdægurs.

Í málinu liggur fyrir áverkavottorð varðandi Jón Björgvin Sigurðsson, út gefið af Hannesi Sigmarssyni lækni, Heilsugæslustöð Vestmannaeyja, dags. 2. okt. 1984, svohljóðandi: „Ráðist var á Jón rétt utan við skemmti-staðinn Hallarlund, þar sem hann var að ganga yfir á Skansinn. Var hér um tvo menn að ræða. Var sparkað og barið í andlit hans, einnig sparkað í síðu hans.

Við komu á heilsugæslustöðina leið honum frekar illa, var með velgju og höfuðverk. Hann var skorinn og marinn á vörum og með smásár innan á vör, sem ekki var saumað. Var einnig aumur yfir parietal-beini vinstra megin og blæðing undir húð yfir kinnbeini vinstra megin. Einnig var eymsli

yfir axlarvöðva vinstra megin, og átti hann erfitt með hreyfingar þar. Engir kviðverkir né áverkar á kvið.

Rtg-mynd á höfuðkúpu sýndi enga sprungu né brot og ekki merki um heilaskaða.

Hann var inn lagður til observationar m.t.t. heilahristings, og lá hann hér inni frá 29.9.-1.10.84 og var þá orðinn nokkuð góður. Í legunni hér kemur í ljós, að hann hefur fengið heilahristing, og er ráðlagt að vera frá vinnu í viku til 10 daga. Ef hann fær ógleði, höfuðverk eða önnur einkenni heilahristings, er honum ráðlagt að hafa samband við heimilislækni.“

Er Jón Björgvin hafði verið útskrifaður af spítalanum, gaf hann skýrslu hjá rannsóknarlögreglumanni í Vestmannaeyjum og lýsir þar upphafi málsins á þann hátt, að er þau Elín hafi gengið Vestmannabraut til vesturs og voru á leiðinni á veitingastaðinn Skansinn, hafi ákærði X kallað til þeirra: „Ég hélt þið ættuð að fara á Hollywood“, en vitnið Jón Björgvin kvaðst ekkert hafa ansað þessu. Í sama framburði kemur það einnig fram, að vitnið taldi, að báðir bræðurnir hefðu sparkað í sig, er það lá í götunni.

Vitnið Elín Baldursdóttir kom fyrir sakadóm Vestmannaeyja 29. september 1984, og kemur þar m.a. eftirfarandi fram: „Vitnið kveður þau Jón nú hafa gengið frá Samkomuhúsinu í áttina að Skansinum, en tekur fram, að það þekki ekki götunöfn, enda ókunnugt hér. Er þau voru komin á móts við bakarið, hefðu tveir menn komið á eftir þeim og annar þeirra, þrekvaxinn og rauðhærður, farið að toga í Jón. Vitnið kveðst hafa gengið á milli, en þá hefði hinn maðurinn gripið utan um það og haldið því föstu. Vitnið kveðst minnst þess, að annar mannanna hefði sagt eitthvað á þessa leið: „Farið þið á Hollywood, þið eigið heima þar.“ Eftir að áðurnefndur maður hafi verið búinn að ná taki á vitninu, kveður það Jón Björgvin hafa hlaupið af stað og sá rauðhærði og þrekvaxni á eftir honum í sömu átt og þau hugðust ganga. Kveðst vitnið hafa misst sjónar á þeim tveimur, meðan hinn maðurinn hélt því föstu, sem það kveður þó ekki hafa verið langan tíma. Þegar vitnið var laust, kveðst það hafa hlaupið áfram eftir sömu götu, þó nokkurn spöl, og komið þar að, sem Jón Björgvin lá á gangstéttinni og áðurnefndir tveir menn stóðu yfir honum og spörkuðu í hann, en hann reynt að bera hendur fyrir höfuð sér. Nánar aðspurt kveðst vitnið hafa séð, að annar þeirra sparkaði í höfuð Jóni Björgvin, en treysti sér ekki til að fullyrða, hvor þeirra það var, telur, að það hafi séð eitt spark lenda í höfði Jóni Björgvin.

Ákærðu hafa gefið skýrslu fyrir dómi, og er framburður þeirra í samræmi við málavaxtalýsingu hér að framan.

Með eigin játningu beggja ákærðu, sem er studd öðrum gögnum máls þessa, þ. á m. framburði vitnisins Elínar Baldursdóttur hjá lögreglu og fyrir dómi, svo og með framburði vitnisins (árásarpola) Jóns Björgvins Sigurðs-

sonar hjá lögreglu telst sannað, að ákærðu hafi gerst sekir um framan- greinda líkamsárás, sem er réttilega lýst í ákæruskjali ríkissaksóknara, dag- settu 19. febrúar 1986. Ákærðu komu fyrir dóm sama dag og brotið er framið, þ.e. 29. september 1984. Rannsóknardómari virðist ekki hafa sent málið ríkissaksóknara fyrr en rúmu ári síðar, 22. október 1985, og tæpum fjórum mánuðum síðar, 19. febrúar 1986, gefur ríkissaksóknari út ákæru í málinu. Um áramót 1986/1987 hætti rannsóknardómarinn, sem með mál- ið hafði farið, störfum hjá embættinu, og er málið þingfest í sakadómi Vestmannaeyja 13. janúar 1987 af fulltrúa bæjarfógeta, og í því þinghaldi er tekin skýrsla af ákærða X. Ákærði Jens kom þá einnig fyrir dóminn. Málið kom næst fyrir í sakadómi 26. nóvember 1987, er dómari sá, er mál þetta dæmir, hafði tekið við málinu, og var það þá sameinað öðrum ákærumálum á hendur ákærða Jens, er lágu ódæmd hjá embættinu.

Sök í máli þessu telst fyrnd. Fyrning var að vísu rofin, er málið sætti dómsrannsókn 29. september 1984. Ekki verður hins vegar hjá því komist að líta svo á, að rannsókn hafi verið hætt um óákveðinn tíma í skilningi 5. mgr. 82. gr. laga nr. 19/1940 þar á eftir, enda komu ákærðu ekki næst fyrir dóm fyrr en tveimur árum og rúmum þremur mánuðum síðar, eða, eins og að framan greinir, 13. janúar 1987. Málið var þá fyrnt, enda ekkert komið fram í því, sem bendir til þess, að hinn óhæfilegi dráttur, sem verður á rannsókn málsins fyrir dómi eftir 29. september 1984, stafi af því, að ákærðu hafi komið sér undan rannsókn, en sök samkvæmt broti þessu fyrnist á tveimur árum, sbr. 80. gr. laga nr. 19/1940 og 1. mgr. 1. tl. 81. gr. sömu laga, sbr. 3. og 4. gr. laga nr. 20/1981, enda liggur ekki þyngri refsing við brotinu en eins árs fangelsi skv. 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, og refsing ákærða X hefði ekki farið fram úr sektum.

Fram lögd skaðabótakrafa frá Jóni Björgvini Sigurðssyni kemur ekki til álita í málinu, enda var hún afturkölluð með bréfi, dagsettu 20. febrúar 1987, og ákæruvaldið hefur fallið frá kröfum um greiðslu skaðabóta, eins og að framan greinir.

II. liður.

Föstudaginn 29. mars 1985 hóf ákærði Jens áfengisneyslu um miðjan dag. Um klukkan 21 þá um kvöldið fór ákærði á veitingastaðinn Gestgjafann hér í bæ og var þá orðinn verulega ölvaður. Laust fyrir miðnætti kom ákærði að borði, þar sem vitnið Friðrik Stefánsson sat ásamt fleira fólki. Ákærði gerði sig líklegan til að taka auðan stól, sem var við borðið, en vitnið Friðrik hélt í stólinn og sagði, að hann væri frátekin, þar sem sá, er setið hefði í stólnum, væri að versla við veitingaborðið. Toguðust nú vitnið og ákærði á um stólinn, en skyndilega slepti ákærði tökum á stólnum og veitti í sömu andrá vitninu þungt högg í andlitið með höfði sínu. Sló ákærði síðan áðurnefndan Friðrik mörg högg í höfuðið með krepptum hnefa, en

vitnið reyndi árangurslaust að skýla sér fyrir höggunum með því að halda höndunum fyrir andlitinu. Ákærði var handtekinn, en vitnið fór á Sjúkrahús Vestmannaeyja, og var þar gert að sárum þess.

Er lögregla handtók ákærða, kannaðist hann ekki við að hafa slegið neinn mann á veitingastaðnum. Er rannsóknardómari tók skýrslu af ákærða fyrir dómi daginn eftir umræddan atburð, þ.e. 30. mars 1985, kvaðst hann ekki muna eftir að hafa lent þar í átökum, en sagði, að úr því að hann hefði verið færður á lögreglustöð, hlyti það að hafa verið af einhverju tilefni. Hann kvaðst hvorki geta neitað því né játað að hafa slegið mann þarna innan dyra, en sagði sem svo, að úr því að hann hefði verið færður í fangageymslu, væri mjög líklegt, að svo væri. Ákærði rengdi ekki staðhæfingar, er hafðar eru eftir árárþola í frumskýrslu málsins, og hann gerði engar athugasemdir við áverkavottorð, er frammi lá í málinu. Í lok þinghaldsins er bókað: „Kærði endurtekur, að hann þæti ekki fyrir að hafa verið þarna að verki, en hann muni ekki, hvað gerðist,“ Ákærði hefur ekki tjáð sig frekar um málavöxtu við síðari yfirheyrslu fyrri dómi, en í þinghaldi 25. nóvember sl., er ákærða var kynntur framburður árárþola, vitnisins Friðriks Stefánssonar, í málinu, kvaðst hann ekkert hafa að segja, hann gæti ekki mótmælt þessu, þetta hlyti að vera rétt.

Vitnið Friðrik Stefánsson, 23 ára sjómaður, gaf skýrslu fyrir dómi 30. mars 1985. Það kvaðst hafa fengið sð setjast við borð hjá tveimur stúlkum. Er vitnið var nýsest við borðið, kvað það ákærða hafa komið aðvífandi og ætlað að taka stólinn.

Vitnið Eygló Eiríksdóttir, er sat við umrætt borð ásamt vinkonu sinni, Fanneyju Kristjánsdóttur, hefur fyrir dómi staðfest skýrslu þá, sem það gaf hjá rannsóknarlögreglumanni 3. apríl 1985. Vitnið kvaðst hafa gefið árárþola, Friðriki, heimild til að setjast við borðið hjá þeim. Það kvað ákærða hafa komið nokkru seinna að borðinu og ætlað að taka umræddan stól, en Friðrik sagt honum, að hann væri að gæta stólsins. Ætlaðri líkamsárás lýsir vitnið með þessum hætti: „Jens brást hinn verstí við, stangaði Friðrik í ennið, þar sem Friðrik sat í stól sínum. Síðan sló hann Friðrik í andlitið með hnefanum, en Friðrik beygði sig niður og setti hendurnar fyrir sig, en þá tók Jens annarri hendi undir höku Friðriks og lyfti höfði hans, en sló hann síðan mörg högg í andlitið.“ Vitnið kvað ákærða nú hafa farið frá borðinu með stólinn, en vitnið reyndi að hlúa að Friðriki, sem var blóðugur eftir komu ákærða að borðinu.

Vitnið Fanney Kristjánsdóttir hefur sömuleiðis fyrir dómi staðfest skýrslu þá, sem það gaf rannsóknarlögreglumanni 3. apríl 1985. Vitnið tók fram, að árárþoli, Friðrik, hefði ekki svarað í sömu mynt, er ákærði réðst á hann, og sagði, að sér hefði blöskrað, hversu hrottaleg árás ákærða var.

Framburður vitnanna Berglindar Gylfadóttur og Þórleifar Guðmunds-

dóttur, er sáu umræddan atburð, voru samhljóða framburði vitnanna Eyglóar og Fanneyjar, en vitnin Berglind og Þórleif gáfu skýrslu hjá rann-sóknarlögreglumanni í aprílmánuði 1985.

Meðal málskjala er svohljóðandi áverkavottorð, undirritað af Boga Jóns-syni heilsugæslulækni:

„Hinn 29.3.1985 kl. 23.10 kemur sjúkl. á sjúkrahús, eftir að hann hafði hlotið áverka á Skansinum þá um kvöldið.

Lýsing áverka:

0,7 cm skurður ofan á nefi fyrir miðju, saumaður með tveimur sporum. Einnig mjög bólginn á nefi og mjög aumur þar yfir. Nef er skakkt til vinstri. Auk þess er 0,5 cm skurður á neðri vör, grunnur, vinstra megin. Hann er ekki saumaður. Vör er bólginn. Auk þess kemur fram mar neðan við hægra auga, ca. 2x3 cm að stærð. Daginn eftir tekin röntgenmynd af nefi, sem sýnir brot á nefbeini. Svoleiðis opið beinbrot. Fer í nefaðgerð 3/4. Einnig kvartaði sjúklingur undan verkjum frá hægri kjálka, og var fengin röntgenmynd af því, sem sýndi engin brot. Hefur hann því marist á hægri neðri kjálka.“

Óskar Jónsson, læknir á Heilsugæslustöð Sauðárkróks, skoðaði vitnið Friðrik Stefánsson einu og hálfu ári eftir umræddan atburð og gaf síðan út læknisvottorð, er fylgir málskjölum og er svohljóðandi:

„Friðrik Stefánsson, f. 30.7.62, Hólmagrand 14, Sauðárkróki, kemur til skoðunar hjá undirrituðum 1. október 1986. Friðrik kveðst hafa nefbrotnað fyrir um ári, og eftir það líti nefið öðruvísi út en áður.

Þá kveðst Friðrik oft vera með stíflur í nefi eftir þennan áverka.

Við skoðun á nefi er aðeins aukin fyrirferð til hægri á hægra nefbeini, og fremst á vinstra nefbeini finnst fyrir hörðum hnúð, sem mælist 3x4 mm.

Að sögn Friðriks var fyrirferðin við hægra nefbein og hnúðurinn fremst á vinstra nefbeini ekki til fyrir áverkann.

Gert að beiðni Friðriks Stefánssonar 1. október 1986.“

Með framburði vitnanna Eyglóar Eiríksdóttur og Fanneyjar Kristjáns-dóttur hjá lögreglu og fyrir dómi, sem er samhljóða framburði vitnisins Friðriks Stefánssonar fyrir dómi, en þeim framburði hefur ákærði ekki mótmælt og talið vera réttan, svo og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins telst nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um líkamsárás með því að hafa föstudagskvöldið 29. mars 1985 á veitingastaðnum Gest-gjafanum, Heiðarvegi 3, Vestmannaeyjum, ráðist á Friðrik Stefánsson, fæddan 30. júlí 1962, eins og nánar er lýst í II. lið ákæru ríkissaksóknara frá 19. febrúar 1986, en þar er hegðun ákærða réttilega lýst og hún færð til rétttra refsilagaákvæða.

Meðal málskjala er skaðabótakrafa frá árásarþola, Friðriki Stefánssyni, en þar sem skaðabótakrafan mun hafa verið greidd af ákærða og aftur-

kölluð, sbr. bréf, dagsett 23. febrúar 1987, kemur hún ekki frekar til álita í máli þessu, en ákærvaldið hefur fallið frá kröfu um greiðslu skaðabóta vegna þessa ákæruliðar, eins og að framan greinir.

B.

Ákæra, út gefin 7. apríl 1986.

Laust eftir klukkan tvö aðfaranótt laugardags 2. febrúar 1985 voru tveir ungir menn, þeir Björn Sverrisson og Friðrik Stefánsson frá Sauðárkróki, skipverjar á ms. Katrínu, VE, að koma af dansleik og voru á leið til dvalarstaðar síns, verbúða Vinnslustöðvar Vestmannaeyja. Á leið sinni staðnæmdust þeir við nætursöluna Eyjataxa við Strandveg og stóðu þar í biðröð og biðu eftir afgreiðslu. Bar þá þar að ákærða Jens Karl, og ruddist hann fram fyrir þá félaga og hafði um leið á orði, að hann væri næstur. Er áðurnefndur Björn sagði honum að taka það rólega, brást hann hinn versti við, hrinti eða sparkaði honum úr röðinni og sló síðan með hnefa sínum framan í andlit Birni, en við það brotnuðu í Birni tvær framtennur. Er ákærði sá, hvernig komið var með Björn, hætti hann barsmíðum og kom sér undan, áður en lögregla kom á staðinn.

Vitnið Friðrik Stefánsson skýrir þannig frá háttsemi ákærða í framburði sínum hjá rannsóknarlögreglumanni 5. febrúar 1985:

.....,en svo kom þarna strákur, sem mætti veit, að kallaður er Jenni, og sneri hann sér að Birni og hrinti honum frá, og er Björn sagði eitthvað við hann, rauk þessi Jenni á Björn, hrinti honum í götuna og sló hann, en síðan, er Björn stóð upp, sparkaði Jenni í hann, enda sló hann Björn þrisvar þannig, að Björn féll þrisvar í götuna.“ Vitnið kvað Björn nú hafa öskrað upp: „Þú hefur brotið í mér tennurnar“ og ákærði Jens þá hlaupið í burtu. Framangreindan framburð hefur vitnið staðfest fyrir dómi.

Árásarþoli, vitnið Björn Sverrisson, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglumanni 5. febrúar 1985 og staðfesti síðar framburð sinn fyrir dómi. Vitnið kvað þá félaga hafa verið allsgáða í umrætt sinn.

Fjórum dögum eftir hinn tilgreinda atburð, 6. febrúar 1985, tekur rannsóknarlögreglumaður skýrslu af ákærða. Ákærði viðurkenndi að hafa áður greindan dag slegið Björn Sverrisson fyrir utan afgreiðsluop Eyjataxa. Hann kvaðst hins vegar ekki treysta sér til að segja til um frekari málavöxtu, þar sem hann hefði verið mjög ölvaður í umrætt sinn. Hann kvaðst hafa átt erindi að söluopinu, þar sem hann hefði ætlað að panta sér leigubífreið.

Ákærði gaf síðan skýrslu fyrir dómi 9. júlí 1987. Þá kom ákærði fyrir dóm 25. nóvember sl. og viðurkenndi þá afdráttarlaust brot sitt og sagði vitnin Björn og Friðrik greina rétt frá málavöxtum í framburði sínum.

Með framburði vitnanna, Friðriks Stefánssonar og Björns Sverrissonar,

og eigin játningu ákærða sjálfs telst sannað, að ákærði Jens K. M. Jóhannesson hafi gerst sekur um líkamsárás með því að hafa aðfaranótt 2. febrúar 1985 við verslunina Eyjataxa, Strandvegi 75, Vestmannaeyjum, ráðist á Björn Sverrisson, fæddan 1. febrúar 1961, og slegið hann hnefa-högg í andlit með þeim afleiðingum, að tvær framtennur brotnuðu, en þannig er háttsemi ákærða réttilega lýst í ákæruskjali ríkissaksóknara og hún þar réttilega heimfærð undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Árásarþoli, Björn Sverrisson, setti fram í málinu skaðabótakröfu á hendur ákærða, en þar sem ákærði mun hafa árið 1987 (sbr. ódagsett bréf lögmanns Björns, er lagt var fram í sakadómi 9. júlí 1987) gert fullnaðarskil á greiðslu bóta, þá kemur skaðabótakrafan ekki til álita í máli þessu. Ákærvaldið hefur einnig fallið frá kröfu um skaðabótagreiðslu í málinu, eins og að framan greinir.

C.

Ákæra, út gefin 9. ágúst 1988.

Í byrjun janúar sl. var 29 ára stúlka, A, búsett í Reykjavík, gestkomandi hjá ættingjum í Vestmannaeyjum. Fimmtudagskvöldið 7. janúar sl. fór hún á skemmtistað ásamt systur sinni, B. Einhvers áfengis neyttu þær á skemmtistaðnum, en héldu þaðan út um klukkan eitt um nóttina. Á heimleið hittu þær þrjá pilta, sem buðu að aka þeim heim, og þágu þær það. Piltarnir sögðu nú, að þeir væru á leið í samkvæmi á heimili ákærða, og spurðu, hvort þær vildu ekki koma með. Þær þágu það. Ákærði, sem býr í kjallaraífbúð að Ásavegi 30, Vestmannaeyjum, tók á móti þeim við komu í húsið og hleypti þeim inn. Auk ákærða, sem þá var 22 ára, voru þar saman komin nokkur ungmenni. Fólkið var almennt ölvað. Stúlkan A þekkti þar einungis eina stúlku, og ekki þekkti hún ákærða eða hann hana. Stúlkan A fór úr kápunni og lagði hana frá sér inni í stofu. Er hér var komið sögu, var klukkan um hálf tvö að nóttu. Ákærði virðist fljótlega hafa rennt hýru auga til stúlkunnar A, og þau fóru saman inn í svefnherbergi. Ekki ber þeim saman um, með hvaða hætti það hafi gerst. Ákærði sýndi henni þar blíðuhót, en hún segist hafa tekið því fálega, og ekki dvöldust þau þar lengi saman, u.þ.b. 15 mínútur, að því er stúlkan telur. Ekki voru nein vitni að þessum fyrstu samskiptum ákærða og stúlkunnar, og heldur hún nú út úr húsinu og fer í bifreið með piltum, sem eru að afla vínfanga til að fara með í samkvæmið. Ekki tekst piltunum að afla vínfanganna, en A sér systur sína í annarri bifreið og spyr hana, hvort hún hafi tekið kápu hennar. Systirin B svarar því neitandi. Er nú ekið aftur heim til ákærða, og kveðst A hafa ætlað að ná í þann fatnað sér tilheyrandi, er eftir varð í húsinu. Er þangað kemur, virðist stúlkunni sem fólkið sé að

fara þaðan, og kveðst hún ekki hafa ætlað að stansa þar neitt, aðeins ætlað að ná í kápu sína og trefil, en klukkan mun hafa verið orðin um tvö um nóttina, er þetta var. Ákærði leggur hart að stúlkunni að koma með sér inn í sama herbergi og áður getur, en hún er ekki fús til þess. Hún segist hafa kallað til pilta þeirra, er óku henni, að hún myndi koma með þeim, en annaðhvort hafi verið, að þeir hafi ekki heyrt til hennar, eða hitt sé, sem hún hafi fengið hugboð um, að þeir hafi verið hræddir við ákærða og því ekki ansað sér. Piltarnir fara, og stúlkan verður ekki vör við annað fólk í íbúðinni.

Ákærði og stúlkan A eru ein til frásagnar um, hvað gerðist í hjóna-herberginu, er hér er komið sögu. Vegna hugsanlegra vafaatriða verður framburður ákærða lagður til grundvallar, er málavöxtum verður hér lýst.

Ákærði fer nú með stúlkuna inn í herbergið, og þau setjast á hjónarúm, sem þar er. Hann ýtir henni síðan niður og leggst við hlið henni, en hún vill fara, en hann biður hana að biða. Stúlkan var með brjósthöld, klædd undirfatnaði, rúllukragabol og peysu, gallabuxum, háum íþróttasokkum og var í leðurstigvélum. Ákærði þuklar nú stúlkuna innan klæða, en hún bregst illa við. Hann segir við hana, að sig langi að gera það með henni, en hún segist engan áhuga hafa á því. Stúlkan gerir sig líklega til að fara, en ákærði varnar henni brottfarar með því að leggja hana aftur niður og leggst síðan ofan á hana. Stúlkan biður ákærða að hætta og segir, að hann muni sjá eftir þessu, en hann kveður svo ekki vera. Ákærði reynir nú að afklæða stúlkuna gegn vilja hennar. Hann byrjar á því að hneppa buxurnar frá, og þótt hún brjótist um, tekst honum smám saman að draga buxurnar niður að leðurstigvélunum. Því næst tekur ákærði til við að taka skófátnað hennar af henni. Hann sest klofvega ofan á hana og teygir báðar hendur sínar aftur fyrir sig og tekst þannig að klæða hana úr öðrum skónum, en áður hafði hann sett báðar hendur hennar undir hana sjálfa. Henni tekst að losa sig og sparkar í hann, og snýr hann sér þá við, svo að hann sneri nú baki í hana, þar sem hann situr klofvega á henni. Ákærði njörvar hendur hennar fast niður með því að setjast ofan á þær, og getur hún þá sig hvergi hreyft. Hann tekur nú hinn skóinn af henni. Ákærði reynir að klæða hana alveg úr galla- og nærbuxum, en það tekst ekki. Hún segir við hann, að hún þurfi að kasta af sér þvagi, en þar sem ákærði heldur, að hún sé að skrökva, segir hann við hana, að hún geti þá bara pissað í rúmið. Hún endurtekur í sífellu, að hún þurfi að pissa, en ákærði synjar henni jafnarðan um það og segir, að sig langi til að gera það með henni. Hún segir þá við hann, að hann megi gera það með sér, ef hann leyfi henni að fara á klósettið. Hún segir við hann, að þegar hún sé búin að pissa, séu kynfærin þrengri og samfarir gangi þá betur. Ákærði segir síðan við hana: „Allt í lagi, fyrst þú lofar mér að gera það.“ Ákærði spyr hana, hvort hann

megi fara með henni á salernið, en hún neitar því. Hann leyfir henni að fara, en er áður búinn að taka af henni loforð um, að hún hlaupist ekki á brott. Hún fer inn á salerni, og hann fylgir henni eftir. Hún biður hann að biða frammi, en ákærði verður ekki við því og snýr sér undan. Hún kastar af sér vatni og segir, að sig vanti salernispappír. Ákærði spyr hana, hvort hann sé ekki á staðnum, en hún segir það ekki vera. Hann skýst fram og nær í eldhúsrúllu og réttir henni, en snýr sér síðan aftur undan. Hann spyr hana, hvort hún sé ekki að koma, en hún biður hann að biða. Hún neitar að koma með honum, og dregur þá ákærði hana inn í svefnherbergið. Hann setur hana á hjónarúmið og sest síðan klotvega ofan á hana. Ákærði heldur höndum hennar föstum og losar síðan um buxnastræng á buxum hennar og lyftir upp bol hennar og peysu og brjósthöldum, en fer síðan í aðra stellingu og sleikir geirvörtur og brjóst hennar. Hann sest nú á hnén og togar buxur hennar niður og tekst það þrátt fyrir mótspyrnu hennar. Ákærði beygir fætur hennar upp að brjóstunum og setur fingurna í kynfæri hennar, en hún reynir árangurslaust að koma í veg fyrir það. Hún biður hann að hætta, en hann er orðinn æstur og heldur ótrauður áfram. Vegna mótspyrnu hennar reynist honum erfitt að klæða hana úr buxunum, en honum tekst það að lokum. Ákærði byrjar nú að sleikja á henni kynfærin og yfirvinnur mótsöðu hennar með því að halda höndum hennar föstum, en henni tekst fljótlega að losa sig og velta sér yfir á magann, en þá leggst hann ofan á hana og glennir út fætur hennar. Ákærði stingur tveimur fingrum í kynfæri hennar, og þar hreyfir hann þá fram og aftur. Hann stingur einnig litla fingri sínum í afturenda hennar og fer síðan höndum um getnaðarlim sinn og fær hann stífan og stingur honum síðan á kaf í kynfæri hennar, en áður hafði hann komið henni þannig fyrir, að hún lá á hnjónum með höfuðið þétt við rúmflötinn, en ákærði hélt utan um mitti hennar. Ákærða virðist sem hún nú vilji, að hann haldi áfram. Skyndilega snýr hún sér við og gerir sig líklega til að standa upp úr rúminu, en ákærði togar hana niður til sín aftur. Hann leggst nú ofan á hana og með fótum sínum glennir hann út fætur hennar, en stingur síðan getnaðarlim sínum inn í kynfæri hennar. Hún segir honum, að hún sé ekki á getnaðarvörnum og sé einnig með alnæmissjúkdóm (Aids), því að hún hefði nýverið fengið úrskurð um það, en á meðan hefur ákærði við hana samfarir. Ekki er upplýst, hversu lengi samfarir stóðu yfir, en áður en ákærða varð sáðlát, tók hann getnaðarlim sinn úr kynfærum hennar og lét sæðið renna yfir læri hennar og kynfæri.

Stúlkan A telur, að klukkan hafi verið tæplega fimm að nóttu, er hér var komið sögu. Ákærði vildi, að stúlkan tæki föggur sínar og færi, en hún var ósátt við framferði ákærða, og kom til orðaskipta á milli þeirra. Er ákærði hafði komið stúlkunni út úr íbúðinni, grýtti hún húsið og hafði

í hótunum um að kæra ákærða. Enduðu samskipti stúlkunnar og ákærða þannig, að ákærði fylgdi stúlkunni til síns heima, en hafði áður vakið vitnin D og E, er lagst höfðu til hvílu í íbúðinni í næsta herbergi við hjónaherbergið, þar sem ákærði kom fram vilja sínum við stúlkuna. Stúlkann A leitaði til læknis klukkan þrjú síðdegis næsta dag, og skoðaði hann stúlkuna og gaf út vottorð um skoðun sína og afhenti stúlkunni, en áður hafði hún átt símasamband við lögreglumann, vitnið Ásgeir Lýðsson. Stúlkann A lagði hins vegar ekki fram formlega kæru til rannsóknarlögreglunnar í Vestmannaeyjum fyrr en fjórum dögum eftir tilgreindan atburð, 12. janúar sl.

Í vottorði læknis, er skoðaði stúlkuna, kemur þetta fram: „Sjúklingur leitaði til vakthafandi læknis, undirritaðs, föstudaginn 8.1.1988, vildi fá áverkavottorð vegna nauðgunarákæru (sic). Kvaðst hún hafa orðið fyrir nauðgun á tímabilinu 2.00-5.00 aðfaranótt komudags. Var í miklu uppnámi við komu og gaf óljósa sögu. Var snyrtilega til fara, í heillegum og hreinlegum fötum. Átti erfitt með að komast að efninu, en eftir nokkurt spjall kom þó tilefni komunnar fram. Mátti skilja á henni, að hún hefði verið í heimahúsi hjá kunningjafólki. Er verknaðurinn var framinn, kveðst hún hafa verið ein með þeim, er hann framdi. Hafði hann klætt hana úr fótunum og haldið um úlnið hennar og hendur. Kvaðst hún vera í sömu fötum við skoðun og er verknaðurinn hófst, benti á teygðan nærbol sem merki um átök. Við nauðgunina kveður hún nauðgarann hafa komið getnaðarlim sínum inn í fæðingarveg hennar, en var ekki viss, hvort hann hefði fengið sáðlos í líkama hennar eða utan á. Hafði hann reynt samfarir í endaparm og troðið fingri inn í endaparmsop.

Við skoðun kvaðst hún vera í sömu fötum og er verknaðurinn hófst. Var nærbolur hennar teygður, en ekki að sjá nein skemmdarmerki á fötum. Ekki var heldur að sjá á þeim neina sæðisbletti.

Við líkamsskoðun á henni sjálfri koma fram:

1. marblettur á hægri handarbaki,
2. marblettur á vinstra handlegg aftan til, rétt við olnboga.

Skýrði hún þessa marbletti með því, að sá, er framdi verknaðinn, hefði haldið henni þar.

3. Hún var hruflluð á hægri hné og talsvert marín og kvað það vera eftir átökin.

Önnur áverkamerki fundust ekki. Kvaðst hún vera mjög aum í kringum fæðingarveg og endaparmsop eftir fingur og getnaðarlim mannsins. Ekki fundust nein sár í fæðingarvegi eða kringum fæðingarveg og endaparmsop. Þar var ekki heldur um marbletti eða sýnilegan þrota að ræða. Þar sem ekki fundust nein sýnileg merki um sæði í fötum konunnar eða líkamshár-um, voru tekin fimm stök úr fæðingarvegi og leghálsi auk tveggja stroka

úr endaparmsopi. Voru strokin bleytt upp í 0,9% natríumklóríð. Fannst ekkert af sæðisfrumum í þeim.“

Málið sætti síðan ýtarlegri rannsókn rannsóknarlögreglunnar í Vestmannaeyjum, og að þeirri rannsókn lokinni sendi bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum málið ríkissaksóknara til fyrirsgagnar með bréfi, dags. 28. janúar sl. Ríkissaksóknari gaf síðan út ákæru í málinu 9. ágúst sl., og var málið þingfest í sakadómi Vestmannaeyja 25. nóvember sl., og fór þá fram í málinu aðalrannsókn fyrir dómi, en munnlegur málflutningur fór fram 5. desember sl., eins og að framan greinir. Með úrskurði, upp kveðnum 15. janúar sl., var ákærða í þágu rannsóknar málsins gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 25. janúar 1988. Ákærði kærði þann úrskurð til Hæstaréttar, en hann var þar staðfestur. Á meðan á rannsókn málsins stóð, sat ákærði síðan í gæsluvarðhaldi í sex daga, frá 15. janúar til 21. janúar að báðum dögum meðtöldum.

Ákærði og stúlkan A hafa komið fyrir dóminn og gefið þar skýrslu svo og fjöldi vitna, sem flest höfðu áður gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglu. Verður framburður rakinn eins og efni standa til.

Ákærði Jens Karl Magnús Jóhannesson gaf tvisvar skýrslu fyrir dómi. Við aðalrannsókn málsins fyrir dóminum 25. nóvember sl. var ákærði spurður, hvort hann með tilvísun til þeirra skýrslna, sem hann hefði gefið hjá rannsóknarlögreglu 13., 20. og 21. janúar sl. og fyrir dómi 14. janúar sl., viðurkenndi brot það, sem hér væri til rannsóknar og í ákæru væri tilgreint. Ákærði kvað svo vera. Hins vegar kannaðist hann ekki við að hafa beitt stúlkuna A ofbeldi eða þess háttar, og í öllum tilfellum hafi hún komið sjálfviljug inn í herbergið til hans. Um einstök atriði málsins vísaði ákærði til skýrslna þeirra, sem hann hefði gefið hjá rannsóknarlögreglu-manni og fyrir dómi 14. janúar sl., en þær skýrslur kvað hann vera réttar. Hann kvaðst ekki bera á móti því, að brotþoli hefði þrásinnis barist á móti því, að hann fengi vilja sínum framgengt, þ.e., að hann hefði við hana samfarir, og sömuleiðis viðurkenndi hann, að hann hefði þurft að beita hana líkamlegu valdi til þess að fá framgengt vilja sínum. Hann kvaðst í því sambandi einnig viðurkenna að hafa neytt mikils aflsmunar og vera miklu sterkari en brotþoli. Þá viðurkenndi ákærði, að sér hefði tekist að halda henni þannig, að hún hefði ekki getað hreyft sig. Hann kvaðst þrátt fyrir þetta ekki hafa gert sér ljóst, að hún vildi ekki hafa við sig samfarir, og þótt hann gæti ekki tilgreint einstök atriði, er styddu mál sitt, hefði sér fundist á framkomu hennar í samkvæminu, að hún væri tilkippileg þarna, eins og ákærði orðaði það. Er ákærði var þá spurður, hvort hún hefði sýnt honum blíðuhót, kvað hann svo vera, og margspurður, á hvern hátt það hefði komið fram, kvaðst hann ekki geta skýrt það nánar, en ítrekaði, að sér hefði bara fundist hún tilkippileg. Ákærði viðurkenndi,

að sér hefði tekist að hafa samfarir við brotápola, sér hefði tekist að stinga getnaðarlim sínum inn í kynfæri hennar og samræðishreyfingar hefðu orðið. Er ákærði var spurður, hvenær hann hefði verið ákveðinn í að hafa samfarir við brotápola, kvaðst hann telja, að sá ásetningur hefði strax vaknað, er þau, eins og að framan er lýst, áttust við í herberginu, áður en stúlkan gekk til salernis. Ákærði sagði það skoðun sína, að stúlkunni hefði verið í lófa lagið að kalla á hjálp, því að hann hefði einungis einu sinni haldið fyrir munn henni, þ.e. þegar vitnið D hefði komið inn í herbergið til að sækja sæng. Ákærði sagði, að vel gæti verið, að áverkar þeir, sem fram kæmu á áverkavottorði stúlkunnar, væru eftir sig, en hann þyrði bara ekki um það að segja.

Brotapoli, stúlkan A, sagði fyrir dómi, að hún hefði aldrei farið sjálfviljug inn í herbergið til ákærða. Vitnið sagði, að ákærði hefði ýtt sér inn í herbergið. Hið eina, sem það hafi getað gert, hafi verið að tala við hann og biðja hann að hætta þessu og láta ekki eins og bjáni, eins og vitnið orðaði það. Í almennum orðum lýsti vitnið því, hvernig ákærði hefði beitt það líkamlegu valdi til að fá fram vilja sinn. Brotapoli sagði, að ákærði hefði aðallega haldið sér, beygt sig á alla kanta og sagt: „Svona og svona og alla vega,“ og hvort ég vildi gera þetta svona, „og heldurðu, að þetta væri ekki gott svona.“ Vitnið sagði, að það hefði reynt að bita ákærða og klóra hann. Það kvaðst hafa bitið ákærða í axlirnar og viðar, en það hafi verið sárt fyrir sig, þar sem það hafi verið með spangir. Það hafi verið í leðurstígvélum og náð að sparka í bakið á honum, og þá hafi hann farið að hlæja og sett hendur þess undir líkama vitnisins, sest klofvega yfir vitnið og snúið baki í það og tekið vitnið úr stígvélunum, en alls ekki baráttulaust, það hafi beitt öllum kröftum á móti, en ákærði notað hin mestu fantabrögð og oft og tíðum meitt vitnið. Í framburði vitnisins kom fram, að það hefði reynt af mætti að berjast á móti því, að ákærði næði fram vilja sínum, með því að beita eigin afli, sem ekki hefði gagnað gegn kröftum ákærða. Í þeim viðskiptum þeirra hefði ákærði haft tögl og hagldir. Það kvaðst enn fremur hafa reynt að kalla, en án árangurs. Þá hafi það reynt að tala um fyrir ákærða, m.a. sagst ekki vera á getnaðarvörnum, og það hafi sagt við ákærða, að það hefði engan áhuga á því að hafa við ákærða samfarir, en því hafi á engan hátt tekist að tala um fyrir ákærða. Ástæðan til, að það hafi reynt að fá ákærða til að samþykkja, að það fengi að fara á salerni, hafi verið sú, að þá hefði það kannski möguleika á að hlaupa í burt. Vitnið sagði, að sú von hefði hins vegar brugðist, því að ákærði hefði haldið í vitnið, á meðan það gekk inn á salernið, síðan staðið yfir því og að lokum hrint því inn í herbergið aftur. Vitnið sagdist ekki hafa haft hugmynd um það, að fólk væri í íbúðinni, þ.e., að stúlka og piltur væru í næsta herbergi, og það kvaðst ekki hafa orðið vart við, að maður kæmi

inn í herbergið til þeirra og sækti þangað ábreiðu eða sæng, en það tók fram, að ákærði hefði haldið fyrir munninn á því. Vitnið neitaði því algjörlega, að það hefði nokkurn tíma gefið ákærða tilefni til að hafa við sig samfarir, heldur reynt allt, sem það gat, til að fá ákærða til að hætta. Vitnið sagði, að eftir að ákærði hafði náð fram vilja sínum, hefði hann farið út úr herberginu. Vitnið sagði, að það hefði þá þurrkað sæðið, sem hefði verið á lærinu, í lakið, klætt sig í fötin og farið út úr svefnherberginu. Ákærði hefði verið hranalegur og nánast hent vitninu út úr íbúðinni. Vitnið kvaðst hafa verið mjög reitt út í ákærða og grýtt steinum í húsið, en ákærði þá komið og beðið það að hætta, þar sem hann ætti ekki húsið. Vitnið sagði, að það hefði fundið, að ákærði hræddist það mjög, er það nefndi, að það ætlaði að kæra hann. Í framburði vitnisins kom fram, að samskipti vitnisins við ákærða enduðu þannig, að ákærði fylgdi vitninu heim til systur vitnisins, og áður en vitnið hafi farið þar inn, hafi hann beðið það að kæra hann ekki, og lagt á það þunga áherslu. Vitnið skýrði þannig ástæðuna til þess, að það lagði ekki fram formlega kæru á hendur ákærða fyrr en fjórum dögum eftir umræddan atburð, að það hefði verið hikandi. Það hefði gert sér grein fyrir þeim óþægindum, sem af því kynnu að hljóta fyrir það, og það hefði fundið til smánar. Vitnið sagði, að atburður þessi hefði haft slæm áhrif á andlega líðan sína, sem hefði brotist fram í þunglyndi og geðvonskuköstum, sem bitnað hefðu á fjölskyldu vitnisins, en vitnið er einstæð móðir með tvö börn á framfæri.

Vitnið D sagði, að þegar það hefði komið inn í herbergið, þar sem stúlkan og ákærði voru, hefði verið myrkur í herberginu. Ákærði hefði legið að hluta til ofan á stúlkunni og lagt höndina yfir hana. Vitnið kvað þau hafa verið í öllum fötum, og það sá ekki í andlit stúlkunnar. Vitnið minntist þess, að síðar um nóttina hefði það heyrt hávaða frá herbergi þeirra, stúlkan hefði verið að hrópa. Það kvaðst ekki hafa séð ástæðu til aðgerða af sinni hálfu, þótt vitnið E, er lá við hlið ákærða, hefði tekið þetta alvarlega. Vitnið staðfesti, að það hefði fylgt nefndri E til síns heima, og hefðu þá ákærði og stúlkan orðið þeim samferða, en flughálka hefði verið á götum úti. Vitnið vissi ekki, hvað ákærða og stúlkunni fór þá á milli.

Vitnið E sagðist hafa heyrt stúlkuna A öskra þrisvar: „Hættu“, og sagði vitnið, að því hefði ekki liðið vel að heyra það. Vitnið kvaðst hafa haft það á tilfinningunni, að einhver átök væru á milli ákærða og stúlkunnar, en tekið orð rekkjunautar síns trúanleg, að þetta hlyti áreiðanlega að vera í lagi, og því hefði þetta ekki verið athugað neitt nánar, þótt sjálfsagt hefði verið ástæða til þess að mati vitnisins. Vitnið sagði, að því hefði fundist stúlkan A fámál, en róleg, er vitnið sá hana síðar um nóttina.

Vitnið B, systir stúlkunnar A, var vakandi, er systir hennar kom heim til vitnisins um nóttina. Vitnið kvaðst ekki hafa veitt komu systur sinnar

neina athygli, það kvaðst hafa verið með hugann við allt annað. Vitnið sagði, að það hefði ekki verið fyrr en um nónbil síðar þann sama dag, að systir vitnisins, stúlkan A, spurði vitnið, hvað það myndi gera, ef það hefði orðið fyrir því að vera nauðgað. Vitnið kvaðst hafa svarað því til, að það myndi fara til læknis. Þá kvað vitnið systur sína hafa fylgt fyrri spurningu eftir með annarri spurningu, því að hún hafi nú spurt: „Mundir þú kæra?“ Vitnið kvaðst ekki hafa svarað spurningunni afdráttarlaust, en sagt, að það færi eftir ýmsu. Vitnið kvað systur sína þá hafa spurt: „En veistu, hvað gerðist?“ Vitnið kvaðst að sjálfsögðu hafa svarað spurningunni neitandi, og þá kvað það systur sína ekki hafa komist hjá því að segja, hvað gerst hefði. Vitnið kvaðst hafa ítrekað, að það myndi fara beinustu leið upp á spítala, og bætti því við, að það vildi ekki verða fyrir því að verða ólétt undir slíkum kringumstæðum. Vitnið kvaðst í framhaldi af þessu hafa ekið systur sinni á spítalann og skilið hana þar eftir. Vitnið kvaðst ekki hafa vitað, hvert framhald systir sín hefði haft í máli þessu, hvort hún eða hvenær hún kærði, en hitt hafi verið, að hún hafi mikið brotið heilann um þetta næstu daga og borið sig þá gjarnan upp við vitnið, en vitnið kvaðst lítið hafa getað liðsinnt systur sinni í þessu sambandi vegna ókunnugleika um það, hvernig með þessi mál væri farið. Vitnið kvaðst hafa lagt til við systur sína, að hún leitaði eftir því hjá ákærða, að hann í þessu sambandi veitti henni fjárhagsstyrk. Ekki vissi vitnið, hvað systir hennar hefði gert í þeim málum eða öðru því, er snerti þetta mál.

Vitnið Ásgeir Lýðsson lögreglumaður kvað konu hafa hringt á lögreglustöðina í Vestmannaeyjum, þar sem vitnið var á vakt, um hádegisbil föstudaginn 8. janúar, og spurt, hvernig hún ætti að snúa sér í nauðgunarmáli. Vitnið kvað konuna ekki hafa viljað gefa upp neitt nafn eða veita frekari upplýsingar í síma. Vitnið kvað konuna hafa lagt á það áherslu, að þetta færi hljótt, og hefði alls ekki viljað tjá sig um málið í síma að öðru leyti en því, að hún hefði nefnt það, að sér hefði verið nauðgað, án þess að gefa upp stað og stund atburðar eða hver ætti þar hlut að máli.

Vitnið kvaðst hafa bent konunni á, að hún þyrfti að tala við rannsóknarlögreglumann, ef hún ætlaði að gera reka að málinu.

Vitnið Geir Jón Þórisson rannsóknarlögreglumaður sagði, að þegar brotaboli, stúlkan A, hefði haft samband við vitnið fjórum dögum eftir umræddan atburð, hefði stúlkan verið mjög áfram um það, að enginn sæi hana, er hún kæmi til skýrslutökunnar, og kvaðst vitnið hafa orðið við þeim óskum stúlkunnar og tryggt, að svo mætti verða. Hefði stúlkan komið og gefið skýrslu sína, án þess að nokkur yrði hennar var. Taldi vitnið, að skýringin á því, að stúlkan kærði ekki atburðinn fyrr til lögreglu en raun bar vitni, hafi verið sú hræðsla hennar, að málið yrði þá á allra vörum

í bænum. Vitnið staðfesti þær skýrslur, er það tók í málinu, og gaf skýrslur á einstökum atriðum, er snertu rannsókn málsins.

Vitnið Ragnar Vignir aðstoðaryfirlögregluþjónn staðfesti fyrir dóminum skýrslu þá, er það hafði gert um rannsókn á blettum í laki og koddaveri.

Þá komu einnig fyrir dóminn vitnin F og G, er voru gestkomandi hjá ákærða í umræddri íbúð fyrr um nóttina, og staðfestu vitnin skýrslur, er teknar voru af þeim hjá rannsóknarlögreglumanni, er málið sætti lögreglu-rannsókn. Einnig kom fyrir dóminn eigandi á efri hæð nefnds húss, Ása-vegar 30, Vestmannaeyjum, Eiríkur Ómar Sæland, en vitnið hafði einnig gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglumanni. Vitnið var í svefni, er atburðir þeir gerðust á neðri hæðinni, sem mál þetta er sprottið af, og röskuðu þeir ekki svefnró vitnisins.

Dómari lætur þess getið, að er brotþoli, A, kom fyrir dóm, var fram-burður hennar hjá rannsóknarlögreglumanni rækilega prófaður, og reynd-ist hún staðföst í framburði sínum. Rannsóknarnauðsynjar kröfðust þess hins vegar ekki, að hún ynni eið að framburði sínum, sbr. 3. mgr. 100. gr. laga nr. 74/1974.

Álit dómara.

Af hálfu ákærða hefur sýknukrafa verið rökstudd með því, að ekki geti verið um það að ræða, að ákærða verði dæmd refsing fyrir fullframið nauðgunarbrot samkvæmt 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga, þar sem ætlað brot ákærða fullnægi ekki því skilyrði, að um ofbeldi af hálfu ákærða hafi verið að ræða. Enn fremur hafi samfarir ekki farið fram, fyrr en ákærði hafði fengið samþykki stúlkunnar A.

Á framangreindar málsástæður verjanda ákærða verður eigi fallist.

Eins og fram kemur, er málavöxtum var lýst, tekst ákærða að ná fram vilja sínum og hafa við brotþola, stúlkuna A, samfarir með líkamlegri valdbeitingu, og honum tekst þannig að brjóta á bak aftur mótspyrnu hennar, og liggur fyrir í málinu viðurkenning ákærða á því. Einnig hefur ákærði viðurkennt að hafa neytt mikils aflsmunar og vera miklu sterkari en brot-þoli og sér hafi tekist að halda henni þannig, að hún hafi ekki getað hreyft sig. Er framburður ákærða um líkamlega valdbeitingu hans í þessu sam-bandi í samræmi við það, sem brotþoli hefur haldið fram í málinu, og styður framburð hennar um, að áverkar þeir, sem fram komu við líkams-sköðun á henni, séu af völdum ákærða.

Þá fær sú málsástæða, að samþykki brotþola hafi legið fyrir, er sam-farir urðu, fráleitt staðist. Á það ber að líta, að brotþoli heldur því fram, að hún hafi tekið það til ráða, þegar hvorki líkamlegt afl sitt né fortölur fengu stöðvað ákærða, að fá ákærða til að hleypa sér á salernið í þeim tilgangi að komast hugsanlega undan ákærða. Hann neitar henni um að

fara á salernið og segir, að hún geti bara pissað í rúmið. Það er ekki fyrr en eftir þrábeiðni hennar, sem hann hleypir henni á salernið, en er áður búinn að taka af henni loforð um, að hann megi hafa við hana samfarir, eftir að hún komi þaðan, og hún hlaupist ekki á brott. Hann heldur í hana, á meðan hún er á leið á salernið, og hefur alltaf eftirlit með henni, er þangað er komið. Gegn vilja hennar dregur ákærði síðan brotþola inn í herbergið aftur og heldur áfram líkamlegri valdbeitingu og tekst þá að klæða hana úr fötunum og hafa við hana samfarir þrátt fyrir kröftuga mótspyrnu hennar, allt eins og að framan er lýst. Ljóst er, að það, sem kallað er samþykki af hálfu ákærða, en gefið við framangreindar aðstæður, hefur ekkert gildi í máli þessu. Með engum hætti gat ákærða dulist, að vilji brotþola stóð ekki til þess að hafa við hann samfarir.

Brot ákærða fellur undir 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Háttsemi ákærða í greint sinn fullnægir þeim skilyrðum að ná til allra efnispátta í verknaðarlýsingu brotsins. Þannig er ljóst, að ákærði þröngvaði brotþola til holdlegs samræðis og hafði í því sambandi að engu athafnafrelsi og sjálfsákvörðunarrétt hennar. Ekki einungis beitti ákærði brotþola ofbeldi, heldur var frelsissvipting mikill þáttur í misgerð ákærða.

Um fullframið brot í skilningi 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga er að ræða, en ákærða tókst með framangreindum hætti að stinga getnaðarlim sínum inn í fæðingarveg stúlkunnar A og hóf síðan samræðis-hreyfingar.

Tvímælalaust er um ásetningsbrot að ræða.

Háttsemi ákærða er rétt lýst í ákæruskjali rikissaksóknara og hún heimfærð til réttis lagaákvæðis, eins og að framan greinir.

III. Ákvörðun refsingar.

Ákærðu eru báðir sakhæfir.

— — —

Ákærði Jens Karl Magnús Jóhannesson fæddist 26. janúar 1965 í Vestmannaeyjum og hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir:

1981 2/8 í Vestmannaeyjum. Sátt: 120 kr. f. brot g. 21. gr. áfl.

1982 í Vestmannaeyjum. Sátt: Uppvís að broti g. 244. gr. hgl. Ákæru frestað skb. 2 ár frá 24.3.1982.

1982 19/10 í Vestmannaeyjum. Sátt: 1.200,00 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 49. gr. og 2. mgr. 50. gr. umfl. Svíptur ökuleyfi í 1 mán. frá 14.8.1982.

1983 12/2 í Vestmannaeyjum. Sátt: 250,00 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.

1984 6/12 í Vestmannaeyjum. Sátt: 5.600,00 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 3. mgr. 25. gr., umfl. Svíptur ökuleyfi 3 mán. frá 6.12.1984.

1985 28/12 í Vestmannaeyjum. Sátt: 800,00 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.

Er ákærði Jens Karl Magnús Jóhannesson framdi brot það, sem um getur í II. lið ákæru, út gefinnar 19. febrúar 1986, var hann tæplega tvítugur að aldri og sömuleiðis, er hann framdi brot það, er um getur í ákæru, út gefinni 7. apríl 1986. Ákærði var hins vegar tæplega tuttugu og þriggja ára, er hann framdi hið alvarlega brot, sem um getur í ákæru, út gefinni 9. ágúst 1988. Ákærði hefur greitt þeim, er urðu fyrir líkamsárás hans, fullar skaðabætur. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið, að líkamsárásirnar eru ófyrirleitnar (II. liður ákæru, út g. 19. febr. 1986, og ákæra, út g. 7. apríl 1986, en ekki kemur I. liður ákæru, út g. 19. febr. 1986, til álita, þar sem sýknað er af því broti, sbr. framanritað) og framdar algjörlega að tilefnislausu, og hið sama á reyndar við um nauðgunarbrotið, sem er að sjálfsögðu sýnu alvarlegast.

Með hliðsjón af öllu þessu og málavöxtum að öðru leyti, sbr. einnig 77. gr. laga nr. 19/1940, þykir refsing ákærða Jens Karls Magnúsar Jóhannessonar hæfilega ákveðin fangelsi 18 mánuði. Ákærði sat í gæsluvarðhaldi á árinu 1985 frá 30. mars til 5. apríl að báðum dögum með töldum og á árinu 1988 frá 15. janúar til 21. janúar að báðum dögum með töldum, samtals 12 daga. Framangreindur gæsluvarðhaldstími skal koma refsivist ákærða til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Í samræmi við 2. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 140. gr. sömu laga, verður greiðsla sakarkostnaðar ákveðin sem hér segir:

Ákærði Jens Karl Magnús Jóhannesson greiði 8/9 hluta á móti ríkissjóði, sem skal greiða 1/9 hluta. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða X, Jóns Hjaltasonar hrl., 15.000,00 kr., og saksóknarlaun, 15.000,00 kr., greiðist þó úr ríkissjóði. Málsvarnar- og réttargæslulaun skipaðs verjanda ákærða Jens Karls Magnúsar Jóhannessonar, Jóns Hjaltasonar hrl., ákveðast 65.000,00 kr. og saksóknarlaun 55.000,00 kr., en Egill Stephensen, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið af hálfu ríkissaksóknara.

IV. Skaðabætur.

Ásdís J. Rafnar hdl. hefur sett fram bótakröfu f.h. stúlkunnar A á hendur ákærða Jens Karli Magnúsi Jóhannessyni vegna, eins og segir í bótakröfunni, nauðgunar, líkamsmeiðinga og miska, en upphaf bótakröfunnar er að öðru leyti þannig:

„F.h. A (innskot dómara, gætt nafnleyndar) gerir undirrituð þá kröfu með heimild í 3. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, að Jens Karl M. Jóhannesson verði í máli ákæruvaldsins á hendur honum, sbr. ákæru, dags. 9. ágúst 1988, dæmdur til að greiða umbjóðanda mínum

300.000,00 kr., — krónur þrjú hundruð þúsund, — í bætur fyrir þann miska, sem hann gerði henni með nauðgunarverknaði sínum 8. janúar 1988, sbr. 264. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Þá er krafist almennra sparisjóðsvaxta á þá fjárhæð frá 8. janúar 1988 til greiðsludags.“

Fjárhæð bótakröfunnar er ósundurliðuð, en rækilega rökstudd.

Af hálfu ákærða hefur ekki verið tekin bein afstaða til bótakröfunnar, en eins og málavöxtum er háttað, þykir hæfilegt að taka hana til greina með 250.000,00 krónum, og bera skal hún dráttarvexti í samræmi við 15. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, sbr. 10. gr. sömu laga, frá 8. janúar 1988 til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari, sem tók við þremur fyrstu ákærumálunum síðari hluta árs 1987 og nauðgunarþætti málsins 8. september sl., en hafði eigi haft afskipti af málunum fyrir þann tíma, dæmir mál þetta, en málin voru sameinuð, eins og að framan greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði Jens Karl Magnús Jóhannesson sæti fangelsi 18 mánuði, en gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 30. mars 1985 til 5. apríl s.á. að báðum dögum með töldum og 15. janúar til 21. janúar sl., sömuleiðis að báðum dögum með töldum, samtals 12 daga, skal draga frá refsingu hans.

Ákærði X skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvalds í máli þessu, og skulu málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Hjaltasonar hrl., 15.000,00 kr., og saksóknarlaun, 15.000,00 kr., greidd úr ríkissjóði.

Ákærði Jens Karl Magnús Jóhannesson greiði A 250.000,00 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr., sbr. 10. gr., vaxtalaga nr. 25/1987, frá 8. janúar 1988 til greiðsludags.

Ákærði Jens Karl Magnús Jóhannesson greiði 8/9 hluta alls sakarkostnaðar, þ.m.t. réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Hjaltasonar hrl., 65.000,00 kr., og saksóknarlaun, 55.000,00 kr., en 1/9 hluta skal greiða úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.